

## Skráning heimilda og meðferð tilvísana

Þær ritsmíðar sem byggja á söfnun og úrvinnslu upplýsinga eru kallaðar **heimildaritgerðir**.

Heimilt er að hafa tilvísanir neðanmáls eða í tilvísanaskrá. Við tilvitnun þarf að sjást úr hvaða bók hún tekin og af hvaða blaðsíðu. Því þarf að geta nafns höfundar eða bókar, útgáfuárs og blaðsíðu. Séu heimildir munnlegar, á myndböndum eða tölvuformi skal vísa til þeirra eins og um bók sé að ræða.

Tilvísanir geta verið tvenns konar: Í sviga á eftir tilvísun eða neðanmáls á sömu síðu eða í lok ritgerðar. Tilvísanaskrá er sett í einu lagi og aftast. Hún kemur þá á undan heimildaskrá því tilvísanir vísa annars vegar í textann og hins vegar í heimildaskrána.

Tvær leiðir eru til þess að nota heimildir í texta en það er með **beinum** og **óbeinum** tilvitnunum. Tilvitnun er texti tekinn beint upp úr heimild eða efnisleg endursögn atriða í heimild.

- *Bein tilvitnun* er óbreytt orð heimildarinnar með þeirri greinarmerkjasetningu sem þar er.
- *Óbein tilvitnun* er efnisleg samantekt úr heimildinni með orðalagi þess sem skrifar ritgerðina, þ.e. þegar ákveðin efnisatriði eru tekin upp úr texta annars.

Tilvitnanir má afmarka með gæsalöppum ef þær eru stuttar en með inndregnum línunum og minna línubili ef þær eru langar. Óbeinar tilvitnanir þarf ekki að afmarka sérstaklega. Á eftir öllum tilvitnunum, jafnt beinum sem óbeinum, þarf að koma tilvísun í verk það sem tilvitnunin er tekin úr. Í tilvísun kemur fram nafn höfundar, ef það er þekkt (annars heiti rits), útgáfuár og blaðsíðutal. Tilvísunin er sett í sviga á eftir tilvitnuninni.

Dæmi: (Ari Jónsson 1999:72).

Ef einhverjum hluta tilvitnunar er sleppt á að setja þrípunkt ...

Ef sett er sjá eða sbr. á undan skal nota þolfall.

Dæmi: (Sjá Guðmund Jónsson 1998:30).

Beinar tilvitnanir eru teknar orðrétt upp úr texta annars höfundar. Þær eiga að vera orðréttar og stafréttar. Þær mega ekki vera meira en u.þ.b. 15% af textanum og þær á að nota til þess að draga fram mikilvæg atriði. Beinar tilvitnanir má hafa með tvennu móti. Þær mega vera innan gæsalappa séu þær ekki meira en 2–4 línur. Lengri tilvitnanir ættu að vera í inndregnum kafla. Þá er textinn dreginn inn báðum megin og gæsalöppum sleppt. Inndregin tilvitnun er oft höfð með smærra lettri og minna línubili. Einnig er haft meira bil fyrir ofan og neðan tilvitnunina að textanum. Óbeinar tilvitnanir eru ekki auðkenndar með öðru móti en tilvísun.

Þegar vísað er til heimilda skal tilvísunin vera í sviga. Í sviganum á að vera:

Höfundarnafn – útgáfuár – tvípunktur – blaðsíðutal.

Ef bein tilvitnun er 1–3 línur er hún felld inn í meginmálið og höfð innan gæsalappa.

### Dæmi um stutta tilvitnun

„Árið 1846 var Bessastaðaskóli fluttur til Reykjavíkur.“ (Jón R. Hjálmarsson 1973:99).

Lengri tilvitnun (tilvísun neðst á blaðsíðu). Þá er tilvísunarstaður auðkenndur með tölustaf og tilvísunin er höfð neðanmáls eða aftan við textann.

## Dæmi um lengri tilvitnun

(texti inndreginn um 1,5 cm, línubil 1, letur 10 pt)

Tilkoma ritlistarinnar er tvímælalaust eitt merkasta skref mannkynsins til menningar og þroska. Fyrir okkur, sem næstum daglega lesum og skrifum, er þessi list nokkuð hversdagsleg, og ef við vissum ekki betur, gætum við freistast til að halda að mennirnir hefðu alltaf kunnað að lesa og skrifa. Svo er þó ekki, því að það munu vart yfir þrjú þúsund ár frá því að fyrstu menn í Evrópu lærðu að draga til stafs í líkingu við það, sem við þekkjum<sup>1</sup>.

Allar tilvísanir skal skrá og þeim má fletta upp í heimildaskrá. Samræmi verður að vera milli skráningar á heimildum og tilvísunum. Það er huglægt mat höfundar hvort merkingartalan hækkar við hverja tilvitnun eða hvort hver blaðsíða hefur sín númer.

Í öllum heimildaritgerðum skal vera heimildaskrá á sérstakri blaðsíðu í lok ritgerðar á undan atriðisorðaskrá og tilvísanaskrá. Í henni koma fram öll ritverk sem vísað er til í ritgerðinni – beint eða óbeint. Einnig á að vera í stafrófsröð skrá yfir bækur og aðrar heimildir sem notaðar hafa verið verkið. Heimildaskrá ber að gera af fyllstu nákvæmni og um hana gilda strangar reglur. Í heimildaskrá skal geta þeirra heimilda sem vísað er til, beint og óbeint, og heimilda sem telja má að móti efnismeðferð í ritgerðinni þótt ekki sé beinlínis vísað til þeirra. Einnig þarf að skrá allar myndir og gera sérstaka myndaskrá þar sem vísað er til heimilda og blaðsíðutals.

Nöfn allra höfunda skulu vera í stafrófsröð. Sérreglur gilda um tímarit. Raðað er eftir fornafni íslenskra höfunda, en eftirnafni erlendra. Ef bók er ekki skráð á höfund þá ræður titill bókarinnar hvar hún lendir í stafrófsröðinni síðan ártalið og þar á eftir sá sem sá um útgáfuna. Þær upplýsingar sem þarf að nota er að öllu jöfnu að finna á titilsíðu bókar eða aftan á titilsíðu. Titill verks er skáletraður en heiti greina eru innan gæsalappa. Samræmi og skipulag þarf að vera í heimildaskránni.

Töflur, línurit, myndir og teikningar á að merkja og skrá í heimildir. Töflur og myndir skal tölusetja hvorar um sig í númeraröð. Í textann skal skrifa númer töflu eða myndar þegar vitnað er til þeirra. Yfirskrift töflu á að vera stutt með sjálfstæðri skýringu á innihaldi. Endurtekning í texta á því sem birt er í töflu skal vera hófleg. Þurfi að skýra töflu nánar má gera það í fylgitexta.

Bækur og rit: Höfundur (ritstjóri greinasafns/safnrīts ef við á). Útgáfuár. *Bókarheiti / greinarheiti / tímaritsheiti* (útgáfa ef önnur en fyrsta útgáfa). (Nafn þýðanda, ef við á). (Hvar í ritröð, tölublað tímarits og árgangur). Útgáfustaður. Útgáfufyrirtæki. Blaðsíðutal (sem sýnir á hvaða blaðsíðu í tímaritshefti eða safnríti greinin er sem vísað er í).

Munnlegar heimildir eru ekki skráðar með öðrum heimildum. Þær eru settar fyrir aftan skriflegu heimildarnar. Sérstaka skrá skal hafa yfir viðmælendur. Þar skal tekin fram dagsetning og starfsheiti viðmælanda.

Annarra rita má geta fyrir neðan heimildaskrána undir fyrirsögninni:

Önnur rit sem stuðst var við.

Tímarit og dagblöð. Höfundur. Útgáfuár og dagur (ef það á við). Heiti greinar: undirtitill. Heiti tímarits/ dagblaðs: undirtitill, eintaksnúmer, blaðsíðutal greinar.

Um vefslóðir gildir sama regla og með bækur, þ.e. í heimildaskrá komi fram: Nafn höfundar, ártal, titill og vefslóðin að fullu.

Ef tvær eða fleiri heimildir eru frá sama höfundi skal raða þeim í tímaröð. Heimild með einum höfundi kemur á undan heimild með tveimur eða fleiri höfundum.

---

<sup>1</sup> Jón R. Hjálmarsson 1973:97

Bók eftir einn íslenskan höfund	Árni Böðvarsson. 1992. <i>Íslenskt málfar</i> . Reykjavík, Almenna bókafélagið.
Bók eftir einn erlendan höfund	Callon, Jack D. 1996. <i>Competitive advantage through information technology</i> . Singapore, McGraw-Hill companies.
Bók eftir tvo íslenska höfunda	Eiríkur Páll Eiríksson og Guðni Kolbeinsson. 1990. <i>Málfræði og stafsetning</i> . Reykjavík, Iðnú.
Bók eftir tvo erlenda höfunda	Hall, C.S. og G. Lindsey. 1978. <i>Theories of Personality</i> . New York, John Wiley & Sons.
Þýdd bók eftir erlendan höfund	Steinbeck, John. 1978. <i>Ægisgata</i> . Karl Ísfeld þýddi. Reykjavík, Almenna bókafélagið.
Bók sem tilheyrir ritröð	Ásgeir S. Björnsson og Indriði Gíslason. 1978. <i>Um rannsóknarritgerðir</i> (Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 3). Reykjavík, Iðunn.
Höfundar er ekki getið (óþekktur)	<i>Frásögur um fornaldarleifar, síðari</i> . 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar.
Bæklingar	<i>Sölukerfi sparisjóðanna</i> . 1999. Tölvumiðstöð sparisjóðanna. Handbók.
Glósur úr kennslustund	Kristján Jóhannsson. 1998. Glósur úr tímum. Endurmenntunarstofnun HÍ. Reykjavík.
Grein úr dagblaði	Bragi Smith. 2000. „Ísland með næstflesta GSM-síma miðað við höfðatölu“. <i>Morgunblaðið</i> . 17. febrúar, bls. 42. „Eflum forvarnir“ [forystugrein]. 2000. <i>Morgunblaðið</i> , 13. júlí, bls. 42.
Grein úr greinasafni	Lýður Björnsson. 1983. Barnaskólar eða ungmennaskólar. <i>Athöfn og orð. Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttæðum</i> (ritstj. Sigurjón Björnsson), bls. 171–178. Reykjavík, Iðunn.
Grein úr tímariti	Hjálmar Snær Gíslason. 1999. „Leitaðu á Vefnum“. <i>Tölvuheimur</i> . 4. tbl., bls. 12.
Lög og reglugerðir (heiti laga, reglugerða nr.)	<i>Löggræðislög nr. 71/1997</i> .
Viðtöl – Munnlegar heimildir	Ingibjörg Guðlaugsdóttir, skipulagsfræðingur Borgarskipulags. Viðtal 29. maí 1998.
Óprentuð handrit og ritgerðir	Eiríkur Rögnvaldsson. 1982. <i>Orðmyndun og orðmyndunarreglur í íslensku</i> . [Óprentuð ritgerð.]
Ritdómur úr dagblaði	Kjartan Jónsson. 2000. „Leynardómar trúarinnar“. Jakob Ágúst Hjálmarsson. [Ritdómur]. <i>Morgunblaðið</i> , 13. júlí, bls. 38.
Skýrsla	<i>Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti</i> . 1999. Reykjavík, menntamálaráðuneytið.
Heimildir af Internetinu	Sólveig Jakobsdóttir. 1999, 20. maí. <i>Kynjamunur tengdur tölvunotkun í íslensku skólastarfi og leiðir til að draga úr honum</i> . <a href="http://rvik.ismennt.is/~soljak/sky99">http://rvik.ismennt.is/~soljak/sky99</a>
Tölvupóstur	Ólöf S. Björnsdóttir (olof@ismennt.is) 2000, 28. júlí. <i>Tölvunotkun í skólum</i> . Tölvupóstur til Jóhönnu Geirsdóttur (jogeirs@ismennt.is).
Hljóðsnælda	Hafðís Ingvarsdóttir og Kirsten Friðriksdóttir. <i>Panaorama. Lyttetekster til danskundervisning</i> . 1995. Reykjavík, Mál og menning.
Litskyggnur	<i>Myndun og mótun landsins</i> . 1977. 36 litskyggnur með skýringum eftir Þorleif Einarsson.
Efni af margmiðlunardiski	<i>Hagskinna. Sögulegarragtölur um Ísland</i> . 1997. Ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon. Reykjavík, Hagstofa Íslands. [Bók og geisladiskur].
Myndband	„Ritun“ – <i>ítarefni með áfanga 102 í íslensku</i> . 1989. Myndband, litmynd. Reykjavík, Fræðsluvarp.
Sjónvarp	Kolbrún Bergþórsdóttir. 2000. <i>Maður er nefndur</i> – Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur. Sjónvarpið. 10. júlí.
Útvarp	Steinunn Harðardóttir. 2000. <i>Út um græna grundu</i> . Ríkisútvarpið, Rás 1. 1. júlí.

Heimild: Jóhanna Geirsdóttir og Ólöf S. Björnsdóttir. 2002. *Kennslubók í UTN 1036*. Reykjavík.